

# GJALDSKRÁ

## Sjúkratrygginga Íslands fyrir tæknifrjógun sem ekki hefur verið samið um

### 1. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tæknifrjógunar samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð nr. 917/2011 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjógvanir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. síðari breytingar.

### 2. gr.

Endurgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands reiknast út frá eftirfarandi gjaldskrá (heildarverð):

<i>Gjaldskrárn.</i>	<i>Heiti læknisverks</i>	<i>Krónur</i>
	<b>Glasafrjógun (IVF)</b>	
57-060-03	fyrri hluti	62.872
57-060-04	seinni hluti	251.488
	<b>Smásjárfrjógun (ICSI)</b>	
57-061-03	fyrri hluti	75.338
57-061-04	seinni hluti	301.352

Ef verð þjónustu er lægra en gjaldskrá þessi kveður á um skal endurgreiðslan miðuð við verð þjónustunnar.

Ef ekki er unnt að ljúka meðferð, sem hafin er, skal miðað við að 20% meðferðarinnar (þ.e. fyrri hluta), sbr. ofangreinda gjaldskrá, sé lokið.

Innifalið í meðferð skv. ofangreindum gjaldskrárliðum teljast eftir því sem við á skoðanir og viðtöl sérfræðinga, mælingar á  $\beta$ -HCG og nauðsynleg lyf vegna meðferðarinnar, þó ekki örvunarlyf eggjastokka.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og reglugerð nr. 917/2011, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjógvanir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. síðari breytingar, öðlast gildi 1. janúar 2012 og tekur til þjónustu sem veitt er á tímabilinu 1. janúar – 31. desember 2012.

*Sjúkratryggingum Íslands, 14. desember 2011.*

**Steingrímur Ari Arason.**

---

*Kristján Guðjónsson.*